

Samstarfssamningur

Garðabæjar og Garðasóknar um æskulýðsstarf

Garðabær, kt. 570169-6109, og Garðasókn, kt. 611087-1529, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framkvæmd æskulýðsstarf á vegum Æskulýðsfélags Garðasóknar.

1. gr. Með samningi þessum er kveðið á um áherslur í starfi Æskulýðsfélags Garðasóknar og gangkvæmar skyldur samningsaðila með tilliti til skipulags og framkvæmd á barna- og unglingastarfi.
2. gr. Allir sem að starfi með æskufólki á vegum félagsins koma þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðslaga um hreint sakavottorð.
3. gr. Félagið skal við framkvæmd samningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum fatlaðra barna og ungmenna í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.
4. gr. Hlutverk Æskulýðsfélags Garðasóknar er m.a. að:
 - a. Efla barna- og unglingastarf við kirkjuna m.a. í formi sunnudagaskóla.
 - b. Efla tengsl við annað íþrótt-, tómtunda- og forvarnarstarf í Garðabæ.
 - c. Annast fræðsluverkefni fyrir börn og ungmenni með áherslu á mannréttindi, hjálparstarf, lífsleikni og almennt siðfræði.
 - d. Efla tónlistarstarf í 8.-10. bekk.
 - e. Starfrækja kór fyrir ungmenni á aldrinum 16 – 24 ára í samvinnu við FG.
 - f. Annast leiðtogaþjálfun fyrir unglinga í samstarfi við önnur félög og stofnanir í Garðabæ.
 - g. Vinna að bættu unglingasamfélagi í Garðabæ og auka breidd og valkosti í æskulýðsstarfi í bænum.
 - h. Starfrækja opið hús fyrir börn í skólafríum
 - i. Bjóða upp á foreldramorgna með fræðslu og góðu samfélagi
 - j. Bjóða aðstoð við lífsleiknikennslu FG með fræðslu um sorgarúrvinnslu og almennu hjálparstarfi.
 - k. Annast sorgarvinnuhóp ungs fólks.
 - l. Tilnefna fulltrúa í forvarnarteymi bæjarins og taka þátt í forvarnarfræðslu í samstarfi við forvarnarfulltrúa Garðabæjar.
5. gr. Fjármál og gangkvæmar skyldur.

Við undirritun samnings skal Æskulýðsfélag Garðasóknar leggja fram stefnumótun og starfsáætlun um barna- og unglingastarf á tímabilinu. Þar skulu koma fram skýr markmið um starfið og hvernig staðið verður að mati á árangri. Áætlunin skal metin og endurskoðuð af íþrótt- og tómtundaráði ár hvert í september við undirbúning fjárhagsáætlunar Garðabæjar.

Á gildistíma samningsins greiðir Garðabær Æskulýðsfélagi Garðasóknar kr. 2.700.000,- árlega.
6. gr. Samningur þessi gildir til ársloka 2017, uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara, en endurskoða skal fjárhæðir við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir hvert ár.

Garðabær, maí 2015

F.h. Æskulýðsfélags Garðasóknar

F.h. Garðabæjar

Magnús E. Kristjánsson
formaður sóknarnefndar

Gunnar Einarsson
bæjarstjóri